

FUNDARGERÐ

Árið 2020, föstudaginn 24. apríl kl. 13:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Greiðslu- og rekstraráætlun

Uppfærð áætlun vegna tekjufalls í kjölfar Covid-19

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 24. apríl 2020, varðandi uppfærða áætlun um tekju- og greiðsluáætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2020 vegna Covid-19. Áætlunin er gerð með þeim fyrirvara að hún byggir á drögum að nýrri áætlun um skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2020, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2019 og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2020. Unnið er að nýrri áætlun um þá skattstofna sem tekjur Jöfnunarsjóðs byggja á og verður áætlun um tekjur sjóðsins og framlög hans uppfærð um leið og þær berast.

Að umræðu lokinni var ákveðið að bíða með að gefa út nýja greiðslu- og rekstraráætlun þar til nýjar upplýsingar um skattstofna, sem tekjur Jöfnunarsjóðs byggja á, liggja fyrir.

2. Greiðslur til sveitarfélaga í lok apríl

Lækkun áætlaðra greiðslna

Lagðir voru fram útreikningar á lækkuðum greiðslum til sveitarfélaga vegna fasteignaskattsframlags og útgjaldajöfnunarframlags. Sínd voru áhrif þess að lækka greiðslur um 10%, 12,5% og 15%.

Að lokinni yfirferð var tekin sú ákvörðun að lækka greiðslur fasteignaskattsframlags og útgjaldajöfnunarframlags um 12,5%.

Næsti fundur verður 30. apríl kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 13:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson